



Til íþróttá- og ungmennafélaga

Reykjavík, 20. nóvember 2012

Varðar: Ferðasjóð íþróttafélaga

Ágætu félagar!

Með bréfi þessu viljum við minna íþróttá- og ungmennafélög í landinu á að búið er að opna fyrir umsóknir í Ferðasjóð íþróttafélaga vegna keppnisferða á yfirstandandi ári. Öll íþróttá- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrk vegna keppnisferða á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót. **Einungis keppnisferðir innanlands eru styrkhæfar.**

Hægt er að vinna með umsóknir þar til frestur rennur út og eru félög hvött til að nýta tímann vel og slá inn ferðir sem þegar hafa verið farnar til að lenda ekki í tímahraki í lok skilafrests. Frestur til að sækja um styrk í Ferðasjóði íþróttafélaga rennur út á miðnætti **mánudaginn 7. janúar 2013.**

Á heimasíðu ÍSÍ, [www.isi.is](http://www.isi.is), er tengill inn á umsóknarsvæðið en umsóknir verða á rafrænu formi líkt og undangengin ár. Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi umsóknarferlið, þá vinsamlegast hafið samband við Höllu Kjartansdóttur á skrifstofu ÍSÍ í síma 514 4000 eða á netfangið [ferdasjodur@isi.is](mailto:ferdasjodur@isi.is). Svör við ýmsum algengum spurningum er að finna á umsóknarsvæðinu sjálfu.

Listi yfir styrkhæf mót birtist þegar búið er að stofna umsókn og velja íþróttagrein. Mikilvægt er að vanda til verks við innslátt ferða og gæta þess að ferðir séu ekki tvískráðar. Ef kepptir eru fleiri en einn leikur í sömu ferð á sama áfangastað þá má einungis skrá ferðina einu sinni en ekki pr. leik. Félög sem tefla fram sameiginlegu liði, með iðkendum úr fleiri en einu félagi, eru sérstaklega beðin um að gæta þess að sömu iðkendur séu ekki taldir fram í umsóknum allra aðildarfélaga samstarfsins í þeim ferðum sem samstarfið er um.

Í umsókn skal gefa upp beinan ferðakostnað en nú hefur reit verið bætt inn í hverja línu á umsóknarsvæðinu þar sem hægt er að setja inn kostnað vegna gistingar. Sá kostnaður er ekki styrkhæfur en engu að síður er gagnlegt fyrir ÍSÍ að fá yfirsýn yfir þann hluta af kostnaði íþróttafélaga við keppnisferðir. Þess er farið á leit við umsækjendur að þeir fylli einnig út þennan reit, ef slíkur kostnaður hefur fallið til í ferðinni.

Um leið og við hvetjum íþróttá- og ungmennafélög til að senda inn umsókn til sjóðsins þá þökkum við gott samstarf við yfirferð og vinnslu umsókna síðastliðins árs.

Með bestu kveðjum,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

  
Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdstjóri

  
Halla Kjartansdóttir  
skrifstofustjóri